

# Stofnanasamningur

## milli SFR og Framhaldsskólans á Laugum

### um reglur við röðun starfa.

(Samkvæmt 11. kafla í kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 1. Febrúar 2005 með síðari breytingum)

#### 1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá Framhaldsskólanum á Laugum.

#### 2. Starfsflokkar og grunnröðun í launaramma og launaflokka

Launakerfi framhaldsskólanna byggir á eftirfarandi starfsflokkum, hjá félagsmönnum SFR og eftirfarandi launaflokkar eru grunnröðun fyrir hvern starfaflokk. Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í ramma í samræmi við það.

##### 2.1. Forsendur röðunar

Við mat á því hvernig starfinu er raðað skal taka tillit til þess hvers það krefst af starfsmanni. Tekið skal tillit til:

- starfsskipulags og/eða skipurits skóla
- umfangs starfs
- ábyrgðar

Lfl.	Starfaflokkur	Lýsing
17	Umsjónarmaður A	Sinnir verkefnum skv. grunnlýsingu umsjónarmanna A
15	Umsjónarmaður B	Sinnir verkefnum skv. grunnlýsingu umsjónarmanna B
27	Fjármálastjóri	Annast fjárreiður skólans

#### 3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

##### 3.1. Starfsreynsla

Meta skal starfsreynslu, sem starfsmaður hefur öðlast í starfi hjá Framhaldsskólanum á Laugum með eftirfarandi hætti:

Starfsmenn skulu hækka um launflokka samkvæmt eftirfarandi:

- Eftir 1 ár í starfi 1. lfl.
- Eftir 3 ár í starfi 1. lfl.
- Eftir 6 ár í starfi 1. lfl.
- Eftir 9 ár í starfi 1. lfl.

Samtals geta launaflokkar vegna starfsreynslu orðið 4.

Heimilt er að meta starfsreynslu frá öðrum ef hún nýtist í starfi og er hún talin til starfsreynslu hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti.

### 3.2. Menntun

Starfsmaður sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- starfsmaður sem lokið hefur eins til tveggja vetra námi skal hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður sem lokið hefur þriggja vetra námi skal hækka 2 launaflokka

Eða að hámarki tvo launaflokka frá grunnröðun.

### 3.3. Starfsnám/símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 2 launaflokka
- starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 3 launaflokka

### 3.4. Annað

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

Leggja skal fram í samstarfsnefnd skrifleg rök þar sem fram kemur hvaða forsendna er verið að taka tillit til.

### 4. Endurskoðun

Endurskoðun samnings þessa ber að gera eins og kveðið er á um í 11. kafla í kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 25. mars 2001.

Laugum, 18 maí 2016

F.h. SFR stéttarfélags



F.h. framhaldsskólans á Laugum



Framhaldsskólinn  
á Laugum